



Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. apríl 2008
Tilvísun: 2008020030
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til skipulagslaga og frumvarp til byggingarlaga

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. febrúar 2008, þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til skipulagslaga, 374. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 376. mál.

Frumvarp til byggingarlaga

Orkustofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar um eldra frumvarp til byggingarlaga, dags. 20. apríl 2007, þar sem gagnrýndur var sá greinarmunur sem gerður var á byggingarleyfisskyldu innviða, þar sem samgöngumannvirki voru ekki leyfisskyld en dreifi- og flutningskerfi veitna (raf-, hita-, vatnsveitna og fjarskipta) hins vegar felld undir byggingarleyfisskyldu.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir hefur flutnings- og dreifikerfi raforku verið tekið undan byggingarleyfisskyldu og fagnar Orkustofnun því.

Eftir stendur að samkvæmt 1. mgr. 8. gr. frv. eru nýframkvæmdir við fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitavetna, vatnsveitna og fjarskipta og breytingar á líkum mannvirkjum, byggingarleyfisskyldar. Orkustofnun ítrekar að ekki eru nein rök til að slík mannvirki séu byggingarleyfisskyld frekar en t.d. samgöngumannvirki, enda engin rök fyrir því að gera greinarmun á innviðum samfélagsins varðandi leyfisskyldu, enda eru framkvæmdir við innviði í flestu tilvikum á vegum opinberra aðila, sem starfa í skjóli einkaleyfa á viðkomandi sviði.

Frumvarp til skipulagslaga

Orkustofnun fagnar áformum um að samræma áætlanir um landnotkun sem varða almannahagsmuni í landskipulagsáætlun, eins og lagt er til í 10. gr. frv. Það er og hefur verið skoðun stofnunarinnar að það sé réttur vettvangur til að samræma geiraáætlanir mismunandi stjórnvalda og að taka af tvímæli um rétt hæð slíkra áætlana. Stofnunin telur að með gerð landskipulags verði unnt að kveða niður deilur um landnýtingu hinna ýmsu geira samfélagsins og um rétt hæð áætlana og áforma um framkvæmdir.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir

